

Dyer ehf.  
Bæjarlind 2  
201 Kópavogi

Reykjavík 25. október 2021  
UST202110-072/F.K.  
07.10.02

### Niðurstaða Eftirlits - Snyrtivörur - Sólarvarnir – Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending um að snyrtivara sem boðin væru til sölu í Lyfjabúrinu, uppfylli ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingar.

Um er að ræða eftirfarandi vöru sem Dyer ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á:

Vara	Strikamerki	SPF	mL
Shade - All natural sunscreen	Ekki til staðar	25	15

Farið var í eftirlit í verslun Lyfjabúrsins í Katrínartúni 2-4 og skoðun á vörunni leiddi í ljós að umrædd vara uppfyllir ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur varðandi merkingar á umbúðum.

Um kröfur til merkinga og frávik frá þeim sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til eftirlitsskýrslu sem er send til eftirlitsaðila með rafrænum hætti.

**Umhverfisstofnun veitir Dyer ehf. frest til 8. nóvember 2021 til þess að senda stofnuninni afrit af uppfærðum merkimiða þar sem fram koma upplýsingar um nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og mynd af vörunni merktri með númer framleiðslulotu, sbr. reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.**

**Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST202110-072 á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).**

**Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á sölustöðum verði endurmerktar með rétttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.**

Umhverfisstofnun veitir Dyer ehf. hér með frest til 1. nóv nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13.gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 30. október nk.

Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 1.nóvember 2021.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar<sup>1</sup>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið [fifa.konradsdottir@ust.is](mailto:fifa.konradsdottir@ust.is).

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson  
teymisstjóri

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>